

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar:

- Deiliskipulag 2. áfanga frístundabyggðar í landi Efri-Brúar, í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 15 ha svæði sem afmarkast af Þingvallavegi (Þjóðvegur 36) í vestri, 1. áfanga frístundabyggðar í norðri og opnu svæði í austri. Gert er ráð fyrir 10 frístundalóðum á bilinu 8.000-10.000 m² að stærð.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Búrfells II í Grímsnesi.*
Í deiliskipulaginu felst að á 65 ha svæði er gert ráð fyrir 62 frístundalóðum. Stærð lóða er á bilinu 5.200-13.200 m². Hámarksstærð húsa er 180 m² og heimilt er að reisa allt að 25 m² aukahús á lóð. Hámarkshæð húsa er 6 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2006.
Við gildistöku fellur úr gildi deiliskipulag sem var samþykkt 9. júní 1998.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Bildsfells/Tungu í Grafningi.*
Deiliskipulagið nær til 70 ha svæðis. Gert er ráð fyrir 38 lóðum, stærðir lóða eru á bilinu 5.600-34.300 m². Hámarksstærð frístundahúsa er 200 m², heimilt er að reisa 25 m² aukahús á hverri lóð.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2005.
Við gildistöku fellur úr gildi deiliskipulag sem var samþykkt 12. maí 1998.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Króks í Grafningi, Víðihlíð 5-9.*
Gert er ráð fyrir 5 frístundahúsalóðum, Víðihlíð 5-9, á bilinu 6.000-6.500 m² að stærð á svæði austan Ölfusvatnsár með aðkomu frá Víðihlíðarvegi. Hús eru risin á þremur lóðanna. Heimilt verður að reisa allt að 120 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selhól í landi Hæðarenda í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir tveimur nýjum frístundalóðum syðst á skipulagssvæðinu á kostnað skógræktarsvæðis auk þess sem stærðir tveggja frístundalóða nyrst í svæðinu breytast, þ.e. önnur stækkar á kostnað hinnar. Ekki er um að ræða breytingu á skilmálum deiliskipulagsins.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
- Breyting á deiliskipulagi að Sogsbökkum í landi Ásgarðs í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að byggingareitir á lóðunum nr. 11, 13, 19, 21, 27 og 29 verða 10 m frá lóðarmörkum, þó ekki nær Soginu en 100 m.
Ástæða fyrir breytingunni er sú að í ofangreindum lóðum er erfitt að koma fyrir húsi í áður skilgreindum byggingareitum af landfræðilegum ástæðum.
Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2006.

7. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Ásabraut í landi Ásgarðs í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að lóðir 2 og 4 við Ásabraut eru sameinaðar.
Samþykkt í sveitarstjórn 21. september 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. október 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2006